Fyrirmælaverk á Kjarvalsstöðum, í Sjónvarpinu og Morgunblaðinu

Farið að fyrirmælum listamanna

Í DAG verður opnuð afar óhefðbundin sýning sem fara mun fram á þremur stöðum í einu; á Kjarvalsstöðum, í Morgunblaðinu og í Dagsljósi Ríkissjónvarpsins, en alls taka 54 erlendir listamenn þátt í sýningunni. Hér er um að ræða sýningu á svokölluðum fyrirmælaverkum („DO IT"-verkum) þar sem listamenn gefa fyrirmæli um það hvernig listaverkið á að vera en aðrir framkvæma þau. Þannig hafa verið sett upp listaverk á sýningu á Kjarvalsstöðum eftir fyrirmælum listamanna. Í Morgunblaðinu munu birtast fyrirmæli frá listamönnum til lesenda um listaverk sem hægt er að setja upp eða framkvæma á heimilum og í Dagsljósi verða sýnd myndbönd sem gerð hafa verið samkvæmt fyrirmælum listamanna.

Duchamp upphafsmaður

Öldum saman var myndlistin bundin á klafa fræðilegra skilgreininga sem opinberir aðilar stóðu vörð um. Í byrjun aldarinnar komu fram listamenn á borð við Marcel Duchamp og lögðu fram nýjar skilgreiningar og forsendur í myndlist. Allt frá því að Duchamp stillti upp hinum svonefndu „ready-made"-hlutum sem listaverkum hafa listamenn kannað tengsl listaverksins við raunveruleikann og íhugað sérstætt gildi listhlutarins. Athyglisverðasti þáttur í þessari leit eru fyrirmælaverk þar sem listamenn skapa ekki sjálfan listhlutinn heldur láta sér nægja að leggja fram fyrirmæli eða hugmynd að listaverkinu. Marcel Duchamp var ennfremur upphafsmaður að þessari tegund myndlistar, en einnig hafa listamenn á borð við John Cage og Yoko Ono verið mikilvirk á þessum vettvangi. Á síðastliðnum árum hafa svo æ fleiri listamenn lagt sitt af mörkum og þróað áfram hugmyndina að fyrirmælaverkum.

Í skilrúminu milli túlkunar og skilnings

Í kynningarorðum Hans Ulrich Obrist, sýningarstjóra, segir að í þessari þríþættu sýningu séu hefðbundnar humyndir um frumverk höfundar látnar víkja fyrir víðfeðmari skilningi á listsköpun. „Öll verkin á Kjarvalsstöðum verða búin til á staðnum eftir nákvæmum leiðbeiningum listamannanna í formi fyrirmælaskrár. Oft er upphaflegan efnivið að finna í hversdagshlutum og venjuathöfnum. Ólíkt leiklistinni er engin byrjun og engin endir á verkunum. Engar tvær afurðir fyrirmælanna eru eins.

Það er hægt að setja sýninguna upp og sjá hana á mörgum stöðum samtímis, líkt og kvikmynd. Um leið er hver gerð hennar athöfn í rúmi. Sýningin fer fram í skilrúminu á milli túlkunar og skilnings.


Merking textans eykst við mismunandi túlkun og gjörning. Hver sýning skapar sinn sannleik. Ætlunin er ekki að umskapa eða endurgera verk sem eiga sér frummynd annarstaðar, heldur að búa til opna og sífellda sýningu sem lagar sig að staðbundnum einkennum og þörfum en er engu að síður alþjóðleg að eðli."

Málþing

Sýningin mun standa fram til 19. maí og mun Morgunblaðið birta fyrirmæli um listaverk með reglulegu millibili þangað til undir yfirskriftinni Fyrirmæli dagsins. Fyrstu fyrirmælin birtast hér á síðunni.

Í dag kl. 14 verður svo efnt til málþings í tilefni af sýningunni á Kjarvalsstöðum undir stjórn sýningarstjórans, Hans Ulrich Obrist, en hann er einn eftirsóttasti sýningarstjóri í myndlistarheiminum í dag og safnstjóri við Museum in Progress í Vín og Nútímalistasafnið í París. Þátttakendur í málþinginu verða Fabrice Hybert, Steven Pippin, Eileen Myles, Erwin Wurm og Bertrand Lavier sem mun taka þátt í umræðunni í gegnum síma. Öllum er heimill aðgangur á meðan húsrúm leyfir.

Fyrirmæli dagsins



Að kveikja eld með ís


EFTIR HUGO SUDER

HELLIÐ soðnu vatni í hvelfda skál. Setjið skálina í frystihólf eða frystikistu. Síðan má taka ísinn úr skálinni með því að hita hana ögn.


Búðu þar næst til pappírsskip úr dagblöðum. Helltu aftur vatni í skálina. Nú geturðu látið skipið sigla. Síðan áttu að kveikja í skipinu með því að láta sólina skína gegnum ísinn eins og gegnum stækkunargler (beindu brennideplinum að svörtum prentstaf).

Að lokum seturðu ísinn í skálina með vatninu og öskuleifum pappírsskipsins og lætur hann bráðna þar.


● *Fyrirmælasýning í samvinnu við Kjarvalsstaði og Dagsljós*



STRENGIR fullkomins sviðsbúnaðar stilltir í Garnier.



SALURINN eftir endurbætur, rauðgylltur og glæsilegur.



FÍNGERÐ vinna við loft áhorfendasalarins.

óhreinindum, húsgögn aftur með sinn svarta lit, tjaldið sína dýru mýkt og loftið ljósaband 135 lampa. Þannig nýtur loftmynd Chagalles sín vel og segja má almennt að fegurðin í óperunni hafi verið endurheimt.

Ný tækni hefur síðan rýmkað hag gesta og starfsfólks. Sæti áhorfenda hafa verið bólstruð og loftræsting bætt í húsinu svo nú er stöðugur 21 gráðu hiti. Tækjabúnaður allur hefur verið endurnýjaður og tölvuvæddur.

Hógværð vinnunnar í salnum náði ekki aftur fyrir leiktjöldin sem nú síga algjörlega hljóðlaust til og frá. Endurnýjun salarins kostaði 20 milljónir franka en tækjabúnaður baksviðs og breytingar þar alls 80 milljónir. Mikilvægur hluti þeirra er mannvirki, eða öllu heldur hljóðvirki, sem ætlað er að flytja tónlistina nákvæmar og betur um salinn. Það hvílir fislétt á hljómsveitargryfjunni í þrem þiljum eftir stærð hljómsveitar.

Hugues Gall vildi hafa jafngóða möguleika á kammermúsík og stórri hljómsveit og kallað var á Houdini hljómburðarfræðinga, Daniel Commins. Hann bætti þriðja þættinum við, fyrir millistór verk, sérstaklega vegna opnunartónleikanna.

Alls kostuðu endurbætur gömlu óperunnar 145 milljónir franka. Ráðamenn geta nú ekki annað en vonast eftir góðri aðsókn og gladst yfir því að næsta uppklössun verður ekki í þeirra tíð. Miðað við þrjátíu ára reglu, sem gilt hefur hingað til, má gera ráð fyrir næstu endurbótatörn kringum 2030. Áður verður þó framhlið hússins þvegin, væntanlega aldamótaárið svo vegfarendur geti aftur virt fyrir sér marga litatóna löngu horfna undir mengunarlag.

Óperan var fyrst tekin í gegn 1908 og hljómsveitargryfju þá breytt talsvert. Síðan 1936 þegar tækjabúnaði var komið fyrir að tjaldabaki og „perlubandið" eða loftlamparnir fjarlægðir af öryggisástæðum eftir bruna. Tæki voru endurnýjuð 1963 og loftmynd Marc Chagalls, sem valin var af André Malraux, látin þekja upprunalega mynd Lenepveu. Höggmyndinni Dansi eftir Carpeux utan við húsið var bjargað á Orsay-safnið og eftirmynd, sem Jean-Paul Belmondo gaf, sett í staðinn.

Sjálf er Garnier-óperan eins og safn, umgjörð tónlistarinnar heimsóknar virði. Húsið var miðpunktur mikillar byggingaráætlunar Napóleóns III sem Baron Haussmann hrinti í framkvæmd síðari hluta 19. aldar. Takmarkið var að gera París að nýtísku heimsborg.

Samkeppni var haldin um óperuna 1860 og Garnier, 35 ára óþekktur arkitekt, hlaut fyrstu verðlaun. Framkvæmdir, sem hófust árið eftir og stóðu 15 ár, töfðust af tæknilegum ástæðum eins og vatnsskorti og pólitískum orsökum: Ókyrrðar meðal almennings, Prússastríðinu 1870, ósigri Frakka, falli annars keisaradæmisins, útlegðar Napóleons og kommúnu-uppreisnarinnar.

Nýja óperan, eins og hún var þá kölluð, var fyrst opnuð í janúar 1875 af Mac-Mahon marskálki og gestir fögnuðu Charles Garnier ákaft í lok kvöldsins. Óperuhús hans var 1923 sett í hóp sögulegra minnismerkja og enn breiðir það út faðminn, nýþveginn og blómlegan.